

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 106**  
sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 8. p. m. hafið þjer, herra amt- 19. okt.  
maður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi í Skaptafellssýslu,  
dags. 6. f. m., er áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. jan. p. á., viðvíkjandi  
sveitfesti Einars nokkurs Sigurðssonar á Lambleiksstöðum, og jafnframt fylgdu nefndu  
brjefi yðar einnig önnur skjöl máls þessa, er þjer höfðuð haft fyrir yður, er þjer upp  
kváðuð úrskurðinn.

Með því að jeg nú verð að vera yður samdóma um, að það verðiað álitast sann-  
að með skjölum þeim, er fram eru komin í málinu, að ofannefndur Einar Sigurðsson  
hafi krossmessuárið 1875–76 átt lögheimili á Sljettaleiti í Borgarhafnarhreppi, og að  
hann þannig eigi hafi verið búinn að ávinna sjer framfærslurjett í Mýrahreppi, eins og  
haldið hefir verið fram af áfrýjandanum með 10 ára dvöl þar, þegar hann árið 1885  
varð þar aðnjótandi sveitarstyrks, þá staðfestist hjer með ofannefndur úrskurður yðar,  
sem ákveður, að Einar eigi framfæri á fæðingarhrepp hans Borgarhafnarhreppi, og eruð  
þjer beðinn að tilkynna hlutadeigendum málalok þessi.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um að aðstoða prest 107**  
til að útvega sjer ábúðarjörð. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní p. á. hafið þjer, 20. okt.  
herra sýslumaður sent hingað erindi prestsins í Fjallapingum sjera Hannesar L. Þor-  
steinsonar, þar sem hann fer þess á leit við prófastinn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi  
og sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að þeir samkvæmt konungsbrjefi 18. apríl 1761 út-  
vegi sjer ábúðarjörð. Hafið þjer í nefndu brjefi yðar gjört þá fyrirspurn, hvort unnt  
muni vera. að verða við beiðni prestsins.

Eptir að jeg hef nú leitað álits stiptsyfirvaldanna um málið, skal yður hjer með  
tilkynnt, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að með því að ætla má, að hið  
tilvitnada konungsbrjef enn sje í fullu gildi, ber yður ásamt hjeradsprófastinum og tveim-  
ur valiokunnum mönnum á þann hátt, sem ákveðið er í nefndu konungsbrjefi, að  
gjöra það sem í yðar valdi stendur til að útvega nefndum presti ábúðarjörð í sóknun  
hans.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins um breytingu á sóknaskipun í 2 presta- 108**  
köllum. — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og tillögum 20. okt.  
yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 15. p. m., vil jeg hjer með með skírskot-  
un til 4. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, fallast á, að bæirnir Lún-  
ansholt og Holtsmúli, sem nú eru í Marteinstungusókn, og bæirnir Tjörfastaðir og Bjalli,  
sem nú eru í Árbæjarsókn, eigi framvegis kirkju að Skarði, og greiði þangað öll lög-  
boðin kirkjugjöld; þó skal Árbæjarkirkja halda þeim hluta óskertum af sjóði Stóruvalla-  
kirkju, er henni þar samkvæmt landshöfðingjabrjefi 11. maí 1886.

Þetta tilkynni jeg yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og  
frekari ráðstöfunar.